



SAMKEPPNIS
EFTIRLITIÐ

Eldsneytismarkaður

Þróun álagningar og eftirlit með lækkun virðisaukaskatts

Umræðuskjal – Rit nr. 2/2026



Kallað eftir umræðu um stöðuna og mögulegar aðgerðir

Í umræðuskjali þessu er varpað ljósi á þróun eldsneytismarkaðar hér á landi og áhrif lækkana á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti af eldsneyti á þessu ári.

Samkeppniseftirlitið gefur nú fyrirtækjum á eldsneytismarkaði og öðrum áhugasömum kost á að setja fram sjónarmið varðandi efni umræðuskjalsins.

Óskað er eftir því að sjónarmið berist eigi síðar en 15. ágúst nk.

Samhliða kallar Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum olíufélaganna með það að markmiði að ganga úr skugga um hvort verðlagning þeirra á eldsneyti samræmist markmiðum löggjafans með lækkun virðisaukaskatts. Mun Samkeppniseftirlitið í framhaldinu taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða aðgerða sé þörf vegna þessa.

Jafnframt kallar Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum um mögulegar aðgerðir sem stuðlað geta að bættri samkeppni á eldsneytismarkaði og lægra eldsneytisverði, s.s.:

- ábendingum um möguleg brot á samkeppnislögum,
- öðrum ábendingum sem nýtast við rannsóknir á eldsneytismarkaði,
- ábendingum um hindranir af hálfu hins opinbera og
- sjónarmiðum um reglusetningu eða aðrar aðgerðir af hálfu hins opinbera, s.s. um tíðni verðbreytinga, samninga við birgja o.fl.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| I Eftirlit með álagningu á eldsneyti | 3 |
| Lækkun á virðisaukaskatti á eldsneyti skili sér til neytenda | 4 |
| Eftirlitið með lækkun á virðisaukaskatti kemur til viðbótar hefðbundnu eftirliti með samkeppni | 5 |
| Fyrri athuganir á eldsneytismarkaði | 6 |
| Gögn og aðferðafræði í greiningu Samkeppniseftirlitsins | 7 |
| II Álagning á eldsneyti aukist mikið | 8 |
| Álagning á bensínlítrann hefur hækkað verulega, nú síðast um 25% frá árinu 2022 | 9 |
| Álagning á lítra af díselolíu hefur hækkað um 50% frá árinu 2022 | 10 |
| III Samanburður við önnur Evrópulönd | 11 |
| Bensínverð á Íslandi er eitt það hæsta í Evrópu, munurinn hefur aukist frá árinu 2022 | 12 |
| Díselverð er marktækt hærri á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd | 13 |
| IV Þróun eldsneytisverðs eftir breytingarnar um áramótin og VSK-lækkun í maí | 14 |
| Hafa lækkanir á bensínverði skilað sér? | 15 |
| Hafa lækkanir á díselverði skilað sér? | 16 |
| Hækkanir á bensíni umfram hækkun á innkaupsverði | 17 |
| Dæluverð dísel hefur ekki fylgt lækkun innkaupsverðs | 18 |
| Dæluverð fylgir hækkunum Brent en síður lækkunum | 19 |
| Dæluverð í Þýskalandi fylgir bæði hækkun og lækkun Brent-verðs | 20 |
| Munur á álagningu á bensínlítra milli landsvæða hefur aukist | 21 |
| Munur á álagningu á dísellítra eftir landsvæðum hefur minnkað | 22 |
| V Samantekt – ályktanir | 23 |
| Samantekt | 24 |
| Fundir með olíufélögum og hagsmunaaðilum | 25 |
| Inngrip á eldsneytismarkaði – hvað hafa önnur lönd gert? | 26 |
| Sérstakar aðgerðir stjórnvalda? | 27 |



I. Eftirlit með álagningu á eldsneyti

Eftirlit Samkeppniseftirlitsins með eldsneytismarkaðnum felur meðal annars í sér greiningu á verðþróun og álagningu olúfélaganna til að meta hvort breytingar á opinberum gjöldum, þ. á m. lækkun á virðisaukaskatti, hafi skilað sér í lægra eldsneytisverði til neytenda.



Lækkun á virðisaukaskatti á eldsneyti skili sér til neytenda

Samkeppniseftirlitinu var falið það hlutverk, samkvæmt lögum frá Alþingi, að fylgjast með því að lækkun á virðisaukaskatti á eldsneyti skili sér til neytenda á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst. Mælt er fyrir um eftirlitið í lögum [nr. 34/2026](#).

Samkvæmt lögnum getur Samkeppniseftirlitið lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem gerast brotleg við skyldu til að tryggja að hin tímabundna lækkun skili sér að fullu í endanlegu úrsöluverði eldsneytis. Þá skal Samkeppniseftirlitið gera ráðherra grein fyrir því ef það telur misbrest vera á þessu.

Í virku samkeppnisumhverfi ætti ekki að vera þörf á eftirliti með verðlagningu keppinauta. Fyrri rannsóknir Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaði gefa hins vegar skýrt til kynna að fákeppnisaðstæður eru á eldsneytismarkaði og samkeppni er veik.

Eftirlit með lækkun virðisaukaskatts á eldsneyti snýst ekki einungis um að meta hvort eldsneyti af dælu hafi lækkað sem nemur skattalækkuninni þann 1. maí þegar breytingin tók gildi, heldur einnig;

- hvaða breytingar á álagningu urðu í aðdraganda lækkunarinnar,
- hvernig álagningin próast á þeim fjórum mánuðum sem lækkunin gildir.

Fyrsta gagnabeiðni til olúfélaganna var send í byrjun maí og mælt fyrir um reglulega upplýsingagjöf í sumar. Eftir fundi með olúfélögnum og hagsmunasamtökum á vettvangi neytenda, ásamt með athugunum á innkomnum gögnum, hafa gagnabeiðnir verið uppfærðar og e.a. óskað frekari gagna.

Tímatöf er í eftirlitinu þar sem olúfélögin geta ekki skilað staðfestum upplýsingum um undanliðinn mánuð fyrir en síðari hluta mánaðarins á eftir.



Alþingi

103. fundur
29.4.2026
16:39

Virðisaukaskattur og samkeppnislög

Eftirlitið með lækkun á virðisaukaskatti kemur til viðbótar hefðbundnu eftirliti með samkeppni

Almennt hlutverk Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaði er að greina samkeppnisaðstæður og koma auga á og vinna gegn mögulegum samkeppnishindrunum. Hið sérstaka eftirlit með VSK-lækkun í maí kemur til viðbótar þessu.

Í kjölfar niðurfellingar opinberra gjalda á eldsneyti og upptöku kílómetragjalds um síðustu áramót hóf Samkeppniseftirlitið gagnaöflun m.a. til þess að meta viðbrögð keppinauta á markaðnum við breytingunum og koma auga á mögulegar samkeppnishindranir. Sú gagnaöflun fellur vel að því hlutverki sem Samkeppniseftirlitinu var fengið nú í vor í tilefni af lækkun virðisaukaskatts.

Á árinu 2022 aflaði Samkeppniseftirlitið einnig gagna um þróun framlegðar í tilefni af röskun á aðfangakeðjum og hrávöruverðshækkunum í kjölfar Covid-19 og innrásar í Úkraínu, sbr. kynningu [hér](#).

Fyrri athuganir á eldsneytismarkaði

Samkeppniseftirlitið hefur oft tekið samkeppnisaðstæður á eldsneytismarkaði til athugunar, m.a. vegna brota á samkeppnislögum (verðsamráð) og vegna samruna fyrirtækja.

Þá birti eftirlitið árið 2015 frummatsskýrslu um eldsneytismarkaðinn, en hún var liður í ítarlegri markaðsrannsókn. Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar var að sterkar vísbendingar væru um að olúfélögin samhæfðu hegðun sína á markaðnum fyrir smásölu bifreiðaeldsneytis. Um þegjandi samhæfingu gæti verið að ræða. Um þetta sagði m.a. í skýrslunni:

„Vísbendingar um samhæfinguna sjást m.a. í því að verð og álagning á bifreiðaeldsneyti, án skatta og annarra opinberra gjalda, eru eins og áður segir há í samanburði við önnur ríki þrátt fyrir að tekið hafi verið tillit til markaðsaðstæðna og afslátta. Jafnframt benda greiningar til þess að verð á bifreiðaeldsneyti fylgi betur hækkun innkaupsverðs en lækkun.“ [...] „Olúfélögin (og tengd fyrirtæki) starfa á öllum stigum markaðarins (s.s. innflutningi, birgðahaldi, dreifingu, heildsölu og smásölu) og eru því öll lóðrétt samþætt. Rannsóknin sýnir að þau hafa hvata og getu til þess að útiloka nýja keppinauta með því að neita þeim um eldsneyti í heildsölu eða aðgangi að birgðarými.“

Í skýrslu eftirlitsins nr. 2/2020 er gerð grein fyrir breytingum á eldsneytismarkaðnum í framhaldi af markaðsrannsókninni. Þar var m.a. lýst jákvæðum breytingum á markaðnum á grundvelli skilyrða sem sett voru vegna samruna eldsneytis- og dagvöru fyrirtækja á árinu 2018. Til dæmis hafði nýr aðili keypt Dæluna og hafið sjálfstæða samkeppni. Einnig voru skapaðar aðstæður fyrir greiðari aðgangi að eldsneyti í heildsölu. Á síðustu árum hafa þessar aðgerðir hins vegar ekki skilað árangri. Þannig hvarf Dælan af markaði sem sjálfstæður keppinautur með kaupum Skeljungs á fyrirtækinu og innkoma á markaðinn í gegnum heildsölu hefur mætt hindrunum.

| Markaðsrannsóknin á eldsneytismarkaði | Dags | Frétt |
|---|-----------|--|
| Greint frá þróun eldsneytismarkaðar í framhaldi af markaðsrannsókn 2015 | Des. 2020 | Frétt, dags. 21.12.2020 |
| Fjögur álit til stjórnvalda um að stuðla að bættri samkeppni á eldsneytismarkaðnum - í framhaldi af markaðsrannsókn | Jún. 2017 | Frétt, dags. 4. apríl 2017 |
| Opinn fundur um markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði | Sep. 2016 | Frétt, dags. 21.9.2016 |
| SKE birtir frumniðurstöður í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði | Nóv. 2015 | Frétt, dags. 30.11.2015 |

| Samrunar – íhlutun o.fl. | Dags | Frétt |
|--|-----------|---|
| Samruni Olís og Mjallar-Friggjar heimilaður með skilyrðum . | Jan. 2020 | Frétt, dags. 3.1.2020 |
| Áfrýjunarnefnd staðfestir ákvörðun vegna samruna Haga og Olís | Júl. 2019 | Frétt, dags. 8.7.2019 |
| Kaupendur á eignum vegna söluskilyrða í samruna Haga og Olís samþykktir | Des. 2018 | Frétt, dags. 19.12.2018 |
| Kaup Haga hf. á Olíuverzlun Íslands heimiluð með ítarlegum skilyrðum til að vernda samkeppni (sum tengd markaðsrannsn.) | Sep. 2018 | Frétt, dags. 11.9.2018 |
| Kaup N1 á Festi heimiluð með ítarlegum skilyrðum til að vernda samkeppni (sum tengd markaðsrannsókn) | Júl. 2018 | Frétt, dags. 30.7.2018 |

| Brot – nokkur mál | Dags | Frétt |
|--|-----------|---|
| Festi viðurkennir brot og greiðir 750 m.kr. sekt | Nóv. 2024 | Frétt, dags. 28.11.2024 |
| Hæstiréttur staðfestir endanlega ákvarðanir samkeppnisyfirvalda í olíusamráðsmálinu | Feb. 2016 | Frétt, dags. 4.2.2016 |
| Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur viðurkenna ólögmeitt samráð um verð á metangasi og greiða. N1 tilkynnti um brotið og fékk sektir niðurfelldar. | Des. 2012 | Frétt, dags. 14.12.2012 |
| Olúfélögin sektuð fyrir alvarlegt ólögmeitt samráð. | Okt. 2004 | Frétt, dags. 29.10.2004 |

| Umsagnir o.fl. | Dags | Frétt |
|---|-----------|--|
| Umsögn nr. 10/2025 um frumvarp til laga um kílómetragjald | Okt. 2025 | Umsögn |
| SKE heimilar samstarf Skeljungs og ODR vegna COVID-19 | Mar. 2020 | Frétt, dags. 26.3.2020 |
| Tilmæli til Reykjavíkurborgar vegna samningsmarkmiða um fækkun bensínstöðva | Ágú. 2019 | Frétt, dags. 30.8.2019 |



Gögn og aðferðafræði í greiningu eftirlitsins

Í tilefni af breytingum tengdum kílómetragjaldi var á þessu ári óskað gagna um innkaupsverð, söluverðmæti, selt magn, opinber gjöld o.fl. aftur til ársins 2022 hjá olíufélögnum. Vegna eldri athugana býr Samkeppniseftirlitið einnig yfir gögnum frá fyrri tímabilum.

Í tengslum við eftirlit með VSK-lækkun í maí sl. var óskað eftir;

- samningum við birgja (þar sem við á),
- upplýsingum um birgðir og birgðaverðmæti (þar sem við á),
- upplýsingum um innkaupsverð og ítarlegt niðurbrot á því,
- upplýsingum um fjölda selda lítra, söluverðmæti og verð á lítra með og án vsk. eftir hverri bensínstöð.

Óskað var eftir gögnum frá Atlantsolíu, Festi (N1), Högum (Olís og ÓB), Orkunni, Skeljungu og Costco. Sambærilegar upplýsingar úr fyrri rannsóknum lágu fyrir frá olíufélögnum frá árinu 2017 nema í tilviki Costco þar sem aðeins liggja fyrir upplýsingar frá árinu 2022.

Allar fjárhæðir hafa verið staðvirtar miðað við verðlag í maí 2026, nema annað sé tekið fram.

Með smásöluálagningu í þessu umræðuskjali er átt við verð á lítra án virðisaukaskatts að frádregnu innkaupsverði.

Nánari grein er gerð fyrir meðferð gagna við myndir hér á eftir.

II. Álagning á eldsneyti aukist mikið

Álagning olíufélaganna hefur tekið verulegum breytingum á síðustu áratugum. Gögn frá þremur tímabilum sýna að álagning hefur hækkað umtalsvert á síðustu árum bæði á bensín og dísel.



Álagning á bensínlíttrann hefur hækkað verulega, nú síðast um 25% að raunvirði frá árinu 2022


Samkeppniseftirlitið býr yfir gögnum um álagningu frá þremur tímabilum:

- Árunum 1991 til 2001, þegar verðsamráð olíufélaganna stóð yfir, en þá hækkaði álagning úr rúmlega 35 kr. á lítra í rúmlega 50 kr. Er þá miðað við verðlag í mars 2026.
- Árunum 2005 til 2015, í tilefni af markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaði.
- Árunum 2017 til mars 2026, annars vegar í tilefni af framlegðargreiningu 2022 og hins vegar vegna gagnaöflunar á þessu ári.

Álagning á bensíni hækkaði að meðaltali úr rúmum 50 kr. á lítra árið 2022 í tæplega 65 kr. í mars 2026.


Hækkunin nemur um 25% að raunvirði og er sú mesta á tímabilinu.

Álagning á lítra af bensíni 1991–2026 Staðvirt til 2026



Álagning á lítra af díselolíu 2005–2026

Staðvirt til 2026




SE SAMKEPPNIS
EFTIRLITIÐ

Ekki reyndist unnt að sundurgreina álagningu á díselolíu í gögnum um olíusamráðsmálið (árin 1991- 2001), líkt er gert vegna bensíns hér að framan.

Álagning á lítra af díselolíu hefur hækkað um 50% að raunvirði frá árinu 2022

Álagning á dísel var á bilinu 40-50 kr. á lítra um langt árabil. Síðustu þrjú ár hefur álagningin hins vegar hækkað mikið og er núna um 60 kr. á lítra, og enn fremur sú mesta sem mælst hefur á tímabilinu.

Álagningin var mun lægri árið 2006 en hækkaði nokkuð næstu ár á eftir og var orðin um 50 kr. á lítra árið 2012.



III. Samanburður við önnur Evrópulönd

Ísland er að jafnaði með hæsta verð á lítra af bensíni og díselolíu í samanburði við 27 önnur Evrópulönd og hefur munurinn aukist síðan 2022. Þessi þróun gefur til kynna að fyrri ályktanir Samkeppniseftirlitsins, um fákeppnisaðstæður og þegjandi samhæfingu olíufélaganna, eigi enn við.



Bensínverð á Íslandi er eitt það hæsta í Evrópu, munurinn hefur aukist frá árinu 2022

Bensínverð án opinberra gjalda á Íslandi hefur verið viðvarandi hærra en hjá 27 öðrum Evrópuríkjum (gráar línur) frá 2017 til 2026.


Sérstaka athygli vekur að þegar verð tók að lækka eftir hækkunirnar 2022 (röskun aðfangakeðja vegna innrásar Rússlands í Úkraínu o.fl.), lækkaði verð hér á landi ekki með sama hætti og annars staðar í Evrópu og hefur haldist viðvarandi hærra.

Þetta gefur tilefni til þess að setja fram spurningar um aðdraganda breytinganna um síðustu áramót, þegar opinber gjöld af eldsneyti voru lækkuð og kílómetragjald tekið upp.

Draga má þá ályktun að olíufélögin hafi aukið álagningu sína í aðdraganda breytinganna og því hafi verðlækkun í raun orðið minni en tilefni var til.

Bensínverð án opinberra gjalda


Ísland í samanburði við 27 Evrópuríki. Tímabil 2017-2026



Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Orkunni, Olís, ÓB, auk gagna af heimasiðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Seðlabanka Íslands. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins. Gögn fyrir dæluverð á bensíni hér á landi eru fengin frá olíufélögunum og opinber gjöld dregin frá. Dæluverð án opinberra gjalda fyrir Evrópusambandsríkin eru fengin úr gagnagrunni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (*Weekly Oil Bulletin*) og hafa verið umreiknuð yfir í ISK samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Verð eru ekki staðvirk. Eldsneytissala Costco er meðtalin frá árinu 2022.

Fyrirvari: Uppruni gagna er ólíkur og því ber að setja ákveðinn fyrirvara við samanburð á milli Íslands og annarra landa. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setur jafnframt tiltekinn fyrirvara við samanburðarhæfni þeirra gagna sem er að finna í gagnagrunni þeirra, m.a. vegna mögulegs mismunar í gæðum, markaðshegðun, markaðsbyggingu og hversu viðeigandi flokkanirnar eru fyrir hvert land.

Díselverð án opinberra gjalda Ísland í samanburði við 27 Evrópuríki. Tímabil 2017-2026



Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Orkunni, Olís, ÓB, auk gagna af heimasíðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Seðlabanka Íslands. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins. Gögn fyrir dæluverð á dísel hér á landi eru fengin frá olíufélögunum og opinber gjöld dregin frá. Dæluverð án opinberra gjalda fyrir Evrópusambandsríkin eru fengin úr gagnagrunni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (*Weekly Oil Bulletin*) og hafa verið umreiknuð yfir í íslenskar krónur samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Verð er ekki staðvirk. Eldsneytissala Costco er bara meðtalin frá árinu 2022.

Fyrirvari: Uppruni gagna er ólíkur og því ber að setja ákveðinn fyrirvara við samanburð á milli Íslands og annarra landa. Framkvæmdastjórnin setur jafnframt tiltekinn fyrirvara við samanburðarhæfni þeirra gagna sem er að finna í gagnagrunni þeirra, m.a. vegna mögulegs mismunar í gæðum, markaðshegðun, markaðsbyggingu og hversu víðeigandi flokkarnir eru fyrir hvert land.

Díselverð er marktækt hærra á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd

Dæluverð á díselolíu var hlutfallslega hátt hér á landi miðað við önnur Evrópulönd fram undir lok árs 2019 en nálgast miðju dreifingar eftir því sem leið á tímabilið.

Verðmunur á díselíttranum hefur hins vegar aukist frá árinu 2022 miðað við samanburðarlöndin á sama tíma og álagning á lítra hefur einnig aukist.

Með sama hætti og áður vekur þetta spurningar um þróun eldsneytisverðs hér á landi í aðdraganda upptöku kílómetragjalds um áramótin síðustu, þ.e. hvort verðlækkunin hafi í raun verið minni en tilefni var til.


IV. Þróun eldsneytisverðs eftir breytingarnar um áramótin og VSK-lækkun í maí

Eftirfarandi kafli sýnir þróun bensín- og díselverðs hjá olúfélögum frá 1. desember 2025 til 31. maí 2026 og hvernig breytingar á opinberum gjöldum vegna upptöku kílómetragjalds um áramótin og lækkunar virðisaukaskatts þann 1. maí komu fram í verðlagningu þeirra.



Þróun bensínverðs frá 1. desember til 31. maí 2026

Vegin meðalverð hvers félags



Ferlarnir á myndinni endurspeglar sögulegt vegið meðaltalsverð á bensíni fyrir hvert olúfélag. Vegið meðalverð bensíns er reiknað með því að margfalda söluverð á lítra hversrar stöðvar hvers olúfélags með seldu magni á sömu stöð, leggja saman öll slík margfeldi og deila með heildarfjölda seldra lítra hjá hverju olúfélagi. Hefðbundið óvegið meðaltal gaf svipaða niðurstöðu.

Hafa lækkanir á bensínverði skilað sér?

Myndin sýnir þróun bensínverðs frá 1. des 2025 til 31. maí 2026. Þannig sýnir myndin breytingar vegna niðurfellingar opinberra gjalda 1. janúar 2026 og VSK-lækkunar 1. maí sl.


Eftirfarandi veur sérstaka athygli:

- Í meginatriðum skilaði niðurfelling opinberra gjalda sér um áramótin, en í aðdraganda breytinga á kílómetragjaldi hafði álagning þó hækkað verulega í samanburði við önnur Evrópulönd, sbr. bls. 11-13 hér að framan.
- Í blálok apríl, eða rétt fyrir VSK-lækkunina 1. maí, hækkaði bensínverð hjá nokkrum félögum. Samkeppniseftirlitið leitar skýringa á þessu.
- Þann 1. maí skilaði vænt lækkun bensínverðs sér að mestu leyti hjá öllum olúfélögum. Benda gögn til þess að lækkunin sé aðeins minni hjá einu félagi heldur en búast hefði mátt við. Samkeppniseftirlitið leitar skýringa á þessu.
- Frá 1. maí til 31. maí, hafa þrjú olúfélöganna fylgst að og eitt lækkað meira. Hins vegar lækkaði eitt olúfélagið meira en sem nam VSK-lækkuninni í fyrstu, en hækkaði síðan verðið að nýju.

Þessar ályktanir byggja á greiningu á þeim gögnum sem olúfélögin skiluðu. Samkeppniseftirlitið birtir ekki verð eða nöfn viðkomandi olúfélaga fyrr en þau hafa haft tækifæri til að koma skýringum á framfæri.

Þróun díselverðs frá 1. desember til 31. maí 2026

Vegin meðalverð hvers félags



Ferlarnir á myndinni endurspeglar sögulegt vegið meðaltalsverð á dísel fyrir hvert olúfélag. Vegið meðalverð dísel er reiknað með því að margfalda söluverð á lítra hversrar stöðvar hvers félags með seldu magni á sömu stöð, leggja saman öll slík margfeldi og deila með heildarfjölda seldra lítra hjá hverju olúfélagi. Hefðbundið óvegið meðaltal gaf svipaða niðurstöðu.

Hafa lækkanir á díselverði skilað sér?

Myndin sýnir þróun díselverðs hjá olúfélagunum fimm frá 1. des. 2025 til 31. maí 2026. Á myndinni sést niðurfelling opinberra gjalda 1. janúar 2026 og VSK-lækkunin 1. maí sl.


Eftirfarandi vekur sérstaka athygli:

- Á sama hátt og á bensíni skilaði niðurfelling opinberra gjalda sér í meginatriðum um áramótin. Í aðdraganda breytinga á kílómetragjaldi hafði álagning þó hækkað nokkuð í samanburði við önnur Evrópulönd, sbr. bls. 11-13 hér að framan.
- Í blálok apríl, eða rétt fyrir VSK-lækkunina 1. maí, hækkaði díselverð hjá sumum olúfélaganna. Samkeppniseftirlitið leitar skýringa á þessu.
- Vænt lækkun díselverðs skilaði sér í öllum tilvikum þann 1. maí.
- Frá 1. maí til 31. maí hafa þrjú olúfélaganna fylgst að, en eitt lækkað meira. Hins vegar lækkaði eitt olúfélagið meira en sem nam VSK-lækkuninni í fyrstu, en hækkaði síðan verðið að nýju.

Þessar ályktanir byggja á greiningu á þeim gögnum sem fyrirtækin skiluðu af sér. Samkeppniseftirlitið birtir ekki verð eða nöfn viðkomandi olúfélaga fyrr en þau hafa fengið tækifæri til að koma skýringum á framfæri.

Samtals vegið meðaltal innkaupa- og smásöluverðs bensíns á hvern lítra

Verðin eru vegin saman með seldu magni lítra



Vegið meðaltal smásöluverðs á bensíni fyrir öll olúfélögin (blá og appelsínugul lína) byggir á daglegum gögnum sem eru vegin saman með seldu magni hvers olúfélags eins og var útskýrt á bls. 16. Innkaupsverð á bensíni á sama hátt endurspeglar vegið innkaupsverð fyrir öll olúfélögin. Það byggir hins vegar bæði á viku- og mánaðarlegum gögnum sem eru færð á dagsgrunn.

Álagningin er reiknuð sem mismunur á vegnu meðaltali smásöluverðs án VSK og innkaupsverði. Stökkið í innkaupsverði fyrir feb./mars kann að skýrast af því að gögnin eru á vikulegum og mánaðarlegum grunni færð yfir á daglegan grunn. Ef um væri að ræða dagleg gögn hefði breytingin líklega kom fram í samfeldari ferli.

Hækkunir á bensíni umfram hækkun á innkaupsverði

Myndin sýnir samantekið vegið verð á bensínlítra fyrir olúfélögin frá desember 2025 til loka maí 2026. Samkvæmt gögnunum hélst verð stöðugt í janúar og fram í febrúar, eftir niðurfellingu opinberra gjalda um áramótin. Álagning breyttist lítið á sama tíma.

Þegar innkaupsverð hækkaði um mánaðamótin febrúar/mars hækkaði smásöluverð ekki jafn mikið strax og álagning dróst þá saman. Í framhaldinu hækkaði smásöluverð hins vegar talsvert umfram hækkun innkaupsverðs fram að VSK-lækkun þann 1. maí.


Í maí hækkaði smásöluverð á meðan innkaupsverð hélst nokkuð óbreytt. Seinni hluta maí lækkaði innkaupsverð, en smásöluverð naut ekki samsvarandi lækkunar. Á sama tíma jókst álagning talsvert, en hún hækkaði jafnt og þétt allt frá byrjun mars.

Samantekið, sé litið til tímabilsins frá 1. maí til 31. maí, lækkaði innkaupsverðið að jafnaði hjá olúfélögunum um 2% en smásöluverðið án VSK hækkaði að jafnaði um 4%. Því virðist álagningin hafa hækkað seinni hluta tímabilsins.

Taka ber fram að hér er sýnt vegið meðaltal þvert á olúfélögin, en eins og kemur fram á bls. 15 og 16 er nokkur munur á verðhegðun einstakra félaga.

Samtals vegið meðaltal innkaupa- og smásöluverðs díselis á hvern lítra

Verðin eru vegin saman með seldu magni lítra



Vegið meðaltal smásöluverðs á bensíni fyrir öll olíufélögin (blá og appelsínugul lína) byggir á daglegum gögnum sem eru vegin saman með seldu magni hvers olíufélags, eða eins og útskýrt er á bls. 16. Innkaupsverð á bensíni á sama hátt endurspeglar vegið innkaupsverð fyrir öll olíufélögin. Það byggir hins vegar bæði á viku- og mánaðarlegum gögnum sem eru færð á dagsgrunn. Álagningin er reiknuð sem mismunur á veginu meðaltali smásöluverðs án VSK og innkaupsverði.

Munurinn í innkaupsverði fyrir feb./mars kann að skýrast af því að gögnin eru á vikulegum og mánaðarlegum grunni færð yfir á daglegan grunn. Ef um væri að ræða dagleg gögn hefði breytingin komið fram í samfeldu ferli.

Dæluverð díselis hefur ekki fylgt lækkun innkaupsverðs

Myndin sýnir samantekið vegið verð á dísellíttra fyrir olíufélögin frá desember 2025 til loka maí 2026, með sama hætti og bls. 17 að því er varðar bensín.

Álagning lækkaði lítillega á milli janúar og febrúar, en hækkun innkaupsverðs í byrjun febrúar skilaði sér ekki út í smásöluverð á þeim tíma. Þá kom mikil hækkun á innkaupsverði um mánaðamótin febrúar/mars ekki þegar í stað fram í smásöluverði og álagning lækkaði.


Frá byrjun mars hefur álagning hins vegar hækkað jafnt og þétt og er nú hærri en áður á umræddu sex mánaða tímabili.

Eftir VSK-lækkun 1. maí hefur innkaupsverð lækkað talsvert en smásöluverð á hinn bóginn hækkað. Þetta var sérstaklega áberandi seinni hluta maí, en vegið meðaltal innkaupsverðs olíufélaganna hefur lækkað um 12% frá byrjun maí á meðan vegið meðaltal smásöluverðs hefur hækkað um 3%.

Aftur verður að undirstrika að hér er sýnt vegið meðaltal þvert á olíufélög.

Þróun dísel og bensínverðs án VSK á móti Brent í USD*

Tímabil frá 1. janúar 2026 til 31. maí 2026



*Brent-hráolía er alþjóðlegt viðmið fyrir heimsmarkaðsverð á olíu.

Dæluverð fylgir hækkunum Brent en síður lækkunum


Áhugavert er að bera þróun eldsneytisverðs á Íslandi saman við Brent-olíuverð, sem er eitt helsta viðmiðunarverð á hráolíu á heimsmarkaði, mælt í dollurum á tunnu. Sveiflast það eftir framboði, eftirspurn og öðrum verðmótandi atburðum. Ef Brent olíuverð breytist, getur það því haft áhrif á innkaupsverð á eldsneyti á Íslandi og því einnig á dæluverð.

Myndin sýnir samantekið vegið verð á bensín- og díselíttra án VSK hjá olíufélögunum frá desember 2025 til loka maí 2026. Verðið er reiknað með sama hætti og lýst var á bls. 17 og 18 Eldsneytisverðið er síðan borið saman við Brent-olíuverð.

Sé litið til þróunar frá miðjum mars fram til loka maí á þessu ári hefur Brent olíuverðið lækkað skarpt eftir mikla hækkun fyrr á árinu. Innlent bensín- og díselverð fylgdi vel eftir hækkun Brent verðsins framan af tímabilinu. Hins vegar hefur sú þróun ekki átt sér stað þegar Brent verðið tók að lækka.

Á því stutta tímabili sem er til skoðunar, er því ljóst að innlent eldsneytisverð fylgdi vel eftir hækkun á heimsmarkaðsverði en ekki þeirri skörpu lækkun á því frá miðjum mars sl. Samkvæmt þessu virðast lækkanir á Brent-verði og þar með innkaupsverði íslensku olíufélaganna ekki hafa alltaf skilað sér að fullu eða jafnharðan í innlendu útsöluverði.

Þróun bensín- og díselverðs í Þýskalandi á móti Brent-verði (USD) Tímabil frá 1. janúar 2026 til 31. maí 2026



Heimild: SWR Aktuell – Diesel- und Benzinpreise: So tanken Sie günstig.



Dæluverð í Þýskalandi fylgir bæði hækkun og lækkun Brent-verðs

Áhugavert er að bera fylgni Brent olíuverðs og smásöluverðs á Íslandi við tiltækar upplýsingar í Þýskalandi.

Á myndinni er sýnd þróun eldsneytisverðs í Þýskalandi í samanburði við þróun Brent olíuverðs. Um er að ræða þróun á verði Super 95 og E10 bensíns og þróun á díselverði. Reiknað er meðaltalsverð á nær öllum bensínstöðvum í Þýskalandi, sem eru um 15 þúsund.


Eins og myndin sýnir er skýrari fylgni á milli eldsneytisverðs í Þýskalandi og Brent-olíuverðs, bæði hvað varðar hækkun og lækkun, heldur en hér á landi.

Með hliðsjón af þróun verðs í 27 öðrum Evrópuríkjum, sbr. bls. 13 hér að framan, má ætla að svipuð fylgni sé á milli smásöluverðs og heimsmarkaðsverðs í flestum þeim ríkjum eins og er í Þýskalandi.

Þetta, ásamt öðru, gefur tilefni til frekari rannsóknar á verðmyndun eldsneytis hérlandis.

Þróun smásöluálags á lítra af bensíni 2017 til mars 2026 eftir landssvæðum

Vegjó 12 mánaða hlaupandi meðaltal




Munur á álagningu á bensínlíttra milli landsvæða hefur aukist

Mikilvægt er að huga að því hvernig lækkarir á opinberum gjöldum og VSK á þessu ári koma fram á einstökum landssvæðum. Í því sambandi er gagnlegt að horfa á þróun smásöluálagningar á bensínlíttra eftir landssvæðum yfir lengra tímabil.

Eins og rakið er í umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2022 (bls. 29) hafði aukin samkeppni með innkomu Costco, tilkoma afsláttarstöðva og snörp verðlækkun að frumvæði Atlantsolíu á Akureyri þau áhrif að álagning lækkaði á tímabili.

Eftir umrót tengt innrás Rússlands í Úkraínu hefur álagning hins vegar farið hækkandi. Síðustu mánuði hefur smásöluálagning á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri fylgst að, en hins vegar hefur smásöluálagning á öðrum svæðum á landsbyggðinni verið talsvert hærrí síðustu ár, og hefur sá munur aukist frá því á fyrri hluta tímabilsins.

Þróun smásöluálags á lítra af dísel 2017 til mars 2026 Landið allt (12 mánaða hlaupandi meðaltal)



Munur á álagningu á dísel lítra eftir landsvæðum hefur minnkað

Munur á smásöluálagningu á dísel er mun minni en á bensíni. Álagning hefur hækkað á öllum landsvæðum frá árinu 2022, en þróunin er að mestu sambærileg og munurinn milli svæða takmarkaður.

Vert er að nefna að álagning á dísel er talsvert minni en á bensíni, sem kann að skýrast af því að hærra hlutfall dísels er selt í samningum við fyrirtæki, þ.e. ekki beint við dælu.



V. Samantekt - ályktanir

Í þessum lokakafla eru dregnar saman helstu niðurstöður umræðuskjalsins. Greining Samkeppniseftirlitsins bendir til þess að ýmis einkenni íslenska eldsneytismarkaðarins gefi áfram tilefni til athugunar, bæði hvað varðar verðmyndun, álagningu og virkni samkeppni. Jafnframt eru dregin fram þau atriði sem enn þarfnast frekari skýringa, sem og mögulegar leiðir til að efla samkeppni og stuðla að auknum ávinningi fyrir neytendur.



Samantekt

Á virkum samkeppnismarkaði mætti búast við því að seljendur eldsneytis með lægri kostnað lækki verð til að ná markaðshlutdeild frá keppinautum sínum sem neyðir þá aðra til að bregðast við.

Eldsneytisfyrirtæki hér á landi hafa haft tækifæri til að hagræða í starfsemi sinni. Sum hafa haft tækifæri til að nýta samlegð við dagvöruvyrirtæki og annan rekstur á meðan önnur hafa reitt sig á einfaldan hagkvæman rekstur. Þrátt fyrir þetta ber eldsneytismarkaðurinn þess áfram merki að olíufélögin fylgi keppinautum sínum í verðlagningu og séu í aðstöðu til að nýta sér þegjandi samhæfingu eins og dæmigert er á fákeppnismarkaði. Fyrri ályktanir Samkeppniseftirlitsins um þetta virðast enn eiga við.

Í þessu sambandi er ekki hægt að horfa fram hjá því að einungis einn erlendur birgir sér olíufélögunum fyrir öllu eldsneyti sem selt er hér á landi. Er þetta til þess fallið að styrkja þegjandi samhæfingu.

Álagning á eldsneyti á síðustu árum hefur verið há í sögulegu samhengi og verðmunurinn á bensín- og díselíttranum í samanburði við önnur Evrópuríki hefur aukist markvert eftir 2022, samanborið við árin þar á undan, sbr. bls. 12 og 13 hér að framan.

Breytingar um áramótin þegar nýtt kílómetragjald var tekið upp og olúgjald fellt niður, skiluðu sér í meginatriðum þann 1. janúar, en ekki er hægt að horfa framhjá þróun álagningar í aðdraganda breytinganna, sbr. bls. 15 og 16.

Á þessu stigi er ýmsum spurningum ósvarað áður en hægt er að draga þá ályktun að VSK-lækkunin 1. maí hafi og muni skila sér að fullu í endanlegu útsöluverði eldsneytis í öllum tilvikum. Hækkunir rétt fyrir VSK-lækkunina, hækkun smásöluverðs (án VSK) umfram innkaupsverð í maí og samhliða hækkun álagningar kallar á frekari skýringar, sbr. bls. 9-10 og 17-18. Taka ber fram að munur er á milli einstakra fyrirtækja að þessu leyti.

Athyglisvert er að lítil fylgni er á milli lækkunar á Brent-olíuverði og smásöluverði, sbr. bls. 19.

Fundur með olíufélögum og hagsmunaaðilum


Eins og áður er rakið átti Samkeppniseftirlitið fundi í maí sl. með stjórnendum olíufélaganna þar sem farið var yfir gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins, kallað eftir skýringum á vísbendingum um hækkandi álagningu og félögunum gefinn kostur á að koma á framfæri hvers konar sjónarmiðum og ábendingum sem að gagni gætu komið.

Samhliða hefur Samkeppniseftirlitið átt fundi og samtöl við Félag Íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökin, ásamt stéttarfélögum og samtökum þeirra.

Til skýringar á hárrí álagningu í samanburði við nágrannalönd hafa fyrirtæki t.d. nefnt hækkandi launakostnað hér á landi. Einnig hefur verið bent á þá sérstöðu sem felst í smæð hagkerfisins, þar sem einn birgir sér öllum markaðnum fyrir eldsneyti. Mögulega geti þessi aðstaða, ásamt undirliggjandi samningsskilmálum, skýrt að breytingar á innkaupsverði skili sér með öðrum hætti hér en í samanburðarlöndum.

Af hálfu samtaka sem tala fyrir hagsmunum neytenda hefur verið byggt á því að hækkandi launakostnaður geti ekki skýrt nema að hluta háa álagningu hér á landi. Þá byggja þau á því að viðbrögð olíufélaganna við lækkun á heimsmarkaðsverði séu önnur og hægari heldur en við hækkun. Þetta ásamt fleiru gefi til kynna skort á samkeppni sem valdi neytendum tjóni.

Framangreind sjónarmið hefur Samkeppniseftirlitið nýtt í athugun sinni. Nefna má að kallað hefur verið eftir samningum eldsneytisfyrirtækjanna við hinn erlenda birgja, en m.a. er til skoðunar að hvaða marki þessir samningar eru frábrugðnir því sem tíðkast í samanburðarlöndum. Með umræðuskjali þessu er jafnframt kallað eftir frekari sjónarmiðum og gögnum sem nýst geta í frekari athugunum.





Inngrip á eldsneytismarkaði – hvað hafa önnur lönd gert?

Eftirlit með eldsneytismarkaði: Breska samkeppniseftirlitið (CMA) hefur það lögbundna hlutverk að fylgjast með eldsneytismarkaði, m.a. dæluverði, smásöluálagningu og framlegð. CMA gefur út reglulegar skýrslur og hefur einnig eftirlit með sk. „Fuel Finder“ kerfi þar sem seljendur þurfa að skila inn upplýsingum um eldsneytisverð. Í Þýskalandi þurfa bensínstöðvar að tilkynna verðbreytingar í rauntíma til þýska samkeppniseftirlitsins (Bundeskartellamt) bæði til að upplýsa neytendur en líka til að bregðast við misnotkun á markaðsstyrk. Svipað fyrirkomulag er í Austurríki.

Verði breytt einu sinni á dag: Síðan 2011 hafa bensínstöðvar í Austurríki einungis mátt hækka verð einu sinni á dag kl. 12:00 en mega lækka það hvenær sem er. Frá 16. mars 2026 til og með 12. apríl 2026 máttu bensínstöðvar í Austurríki bara hækka eldsneytisverð þrisvar sinnum í viku. Þá eru takmörk á fjölda verðákvarðana, þ.e. að einungis má hækka verðið einu sinni á dag. Þetta var tímabundin aðgerð til að bregðast við miklum sveiflum á eldsneytisverði. Frá 1. apríl 2026 hafa bensínstöðvar í Þýskalandi tekið upp sömu reglu, þ.e. að einungis meggi hækka verðið einu sinni á dag.

Birting verðs hjá ódýrustu bensínstöðvunum: Í Austurríki birtir opinberi eldsneytissamanburðurinn (Spritpreisrechner) að jafnaði bara fimm ódýrustu bensínstöðvunar fyrir tiltekið svæði/leit. Hugsunin er sú að kerfið eigi að hjálpa neytendum að finna ódýrt eldsneyti en án þess að gera öllum keppinautum of auðvelt að hafa allar verðupplýsingar í rauntíma og hugsanlega fylgja hverjum öðrum í verðlagningu.

Sérstakar aðgerðir stjórnvalda?

Óhjákvæmilegt er að stjórnvöld hér á landi hugleiði hvort þörf sé sérstakra aðgerða til að efla samkeppni og draga úr hækkaðri álagningu og hækkun á eldsneytisverði hér á landi.

Í því sambandi má taka til athugunar hvort setja eigi reglur um tíðni verðákvarðana með það að markmiði að auka jákvæða óvissu í ákvörðunum fyrirtækja um verð.

Jafnframt er t.d. ástæða til að huga að því hvernig kaupum á eldsneyti frá birgja verði best fyrir komið.

Samkeppniseftirlitið kallar eftir sjónarmiðum um þetta, ásamt fleiri ábendingum um aðgerðir almenningi til hagsbóta.

Að öðru leyti liggur fyrir að ef misbrestur verður á því að VSK-lækkunin skili sér í endanlegu útsöluverði, getur Samkeppniseftirlitið beitt stjórnvaldssektum og beint umsögn til ráðherra skattamála sem getur sett reglugerð um tímabundnar aðgerðir til að bregðast við slíkum misbresti, sbr. lög nr. 34/2026.

Aðgerðir geta m.a. falist í setningu hámarksverðs eða hámarks álagningar olíufélaganna og þá jafnvel til lengri tíma en 31. ágúst nk.



